

Stjórnarfundur GHG 22. apríl 2014

Mættir voru: Þorsteinn, Auðunn, Össur, Sigrún, Alfreð, Páll, Ólafur, Morten, Ásta, Sveinbjörn og Hafsteinn vallaarstjóri sat fundinn undir lið 2.

1. Fundargerð síðasta fundar til umræðu – staðfestingu frestað til næsta fundar.
2. Hafsteinn færði stjórn fréttir af velli. Völlur í mjög góðu standi, stjórn samþykkir að opnað verði inn á sumargrín fyrir félagsmenn miðvikudaginn 23. apríl. Rætt um opnum vallaar fyrir almenning, stjórn samþykkir að opna völlum fyrir almenning sunnudaginn 27. apríl. Stjórn ákveður að vinnudagur og Jaxlamót fari fram á laugardaginn 26. apríl. Vinnudagur frá kl. 10:00 og Jaxlamótið kl. 14:00. Vallarnefnd og vallaarstjóri gera verkefnalista.
3. Þjálfaramál. Páll segir frá að munnlegur samningur liggja fyrir við Ingvar Jónsson um þjálfun afrekshóps barna- og unglinga og einnig um nýliðakennslu. Gengið verður frá samningum í byrjun maí. Rætt um að Einar Lyng sjái um kvenna- og karlaæfingar á fimmtudögum. Auðunn setur sig í samband við hann.
4. Nýliðamál. Stjórn leggur eftirfarandi til:
 - Nýliðakennsla er innifalin í nýliðagjaldi. Hún fer fram á mánudögum og er 1 klst. í senn. Um er að ræða 8 – 10 skipti yfir sumarið, fram að Verslunarmannahelgi. Klúbbsmeðlimir GHG með 34 og hærra í forgjöf get sótt nýliðakennslu sér að kostnaðarlausu að hámarki í 2 ár.
 - Helmingaflsáttur er veittur af árgjaldi á fyrsta ári nýliða. Þetta gildir um alla gjaldskrárflokka.
 - Annað ár nýliða er nýliðakennslan innifalin í árgjaldi.
 - Skilgreiningin á nýliða: Nýliði er sá sem hefur 34 eða hærra í forgjöf við skráningu í GHG.
 - Framkvæmdastjóra ásamt útbreiðslu- og skemmtinefnd falið að útfæra nánar.
5. GSÍ kort. Auðunn leggur til að 10. kortið sem GHG hefur til umráða verði falið Erlingi Arthúrssyni, fyrrverandi formanni, sumarið 2014. Tillaga samþykkt.
6. Fundarplan stjórnarfundar. Stefnt er að halda fundi sumarsins kl. 20:00 á þriðjudögum. Auðunn leggur til að fundir verði styttri en örar, helst á tveggja vikna fresti. Stjórn samþykkir.
7. Sviðmyndir fyrir nýtt rekstrarform ræddar. Umræðu frestað til næsta fundar.
8. Fundi slitið kl. 19:01.

Næsti fundur fer fram þriðjudaginn 29. apríl kl. 20:00.